

Fundargerð - Stjórn FRÍ

Fundur númer: 6. fundur stjórnar FRÍ 2026-2028

Fundartími: 14. júlí kl. 12.15-13.00

Staðsetning: Fundað á Google-meet

Fundarstjórn: Sveinn Margeirsson

Fundarritun: Rannveig Oddsdóttir

Fundarmæting:

Aðalstjórn: Sveinn Margeirsson (SM), Katrín Jakobsdóttir (KJ), Sonja Sif Jóhannsdóttir (SSJ), Rannveig Oddsdóttir (RO), Trausti Stefánsson (TS)

Varastjórn: Jón Örn Árnason og Áslaug Pálsdóttir (ÁP)

Forfölluð:

Skrifstofa: Guðmundur Karlsson (GK)

Gestir:

1. Fundarsköp

- Fundur og fundarboðun lögmæt
- Fundargerðir: fundargerð 5. fundar samþykkt.
- Rafrænt afgreidd erindi frá síðasta fundi: engin

2. Þjóðarleikvangur

- Búið að svara því að við getum ekki haldið smáþjóðaleika 2028 vegna skorts á aðstöðu.
- Við þurfum að endurnýja fundarbeiðni til mennta- og barnamálaráðherra.
- Við eigum bókaðan fund með borgarstjóra 12. ágúst.

3. Mótahald Bikar og MÍ

- Bikarkeppni FRÍ
 - Bikarinn gekk vel. Veðrið samt ekkert sérstakt, hávaða rok sem gerði framkvæmdina svolítið erfiða.
 - Fjölgun greina varð til þess að nokkur félög sem hafa verið með náðu ekki að senda lið núna.
 - RUV mætti og það var ágætt innslag frá mótinu í íþróttafréttum.
- Meistaramót Íslands
 - Undirbúningur fyrir MÍ gengur vel.
 - Ágæt viðbrögð hafa verið við útsendum boðum og von á mörgum góðum gestum.
 - RUV verður með beina útsendingu frá mótinu á laugardeginum.
 - Orðuveitingar ræddar. SM falið að skoða málið áfram í samvinnu við orðunefnd.

4. Aga og siðamál

- Lögð fram drög að reglugerð um aga- og siðanefnd. Stjórn telur að reglugerðin feli í sér breytingu sem krefjist umfjöllunar á formannafundi, sbr. 17. gr. laga FRÍ og reglugerðar nr. 53 um starfsreglur stjórnar vegna setningar reglugerðar. Samþykkt að leggja drögin að reglugerðinni fyrir formannafund og afla umsagna aðildarfélaga.

5. Erindi frá UFA vegna MÍ 15-22 ára og fyrirspurn um ferðakostnað innanlands vegna landsliðsferða

- FRÍ hefur borist erindi frá UFA með ábendingum til FRÍ vegna MÍ 15-22 ára sem haldið var á Akureyri í sumar.
- Einnig var spurt um ferðakostnað innanlands vegna landsliðsferða. Viðmiðið hefur verið að greitt er frá Laugardal eða Keflavík en reynt hefur verið eftir fongum að taka þátt í ferðakostnaði innanlands. Þarfnast frekari umræðu og athugunar eigi að gera breytingar þar á.

- GK hefur svarað erindinu og komið ábendingum áfram til skrifstofu og dómaranefndar.

Næsti fundur ákveðinn 24. ágúst kl. 16.00